

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. október 2006 í máli nr. S-412/2006:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari)

gegn

Miloud Hourri

(Gizur Bergsteinsson, hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október sl., er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 15. mars 2006 á hendur Miloud Hourri, kt. [...] Hátúni 6, Reykjavík, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi mánudagsins 29. ágúst 2005, utandyra við anddyri veitingastaðarins Dubliners, Hafnarstræti 4, Reykjavík, slegið Örn Jónsson, kt. [...], í hnakkann með björglasi með þeim afleiðingum að hann hlaut sár á höfði og heilahristing.

Þetta er talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa.

Lögreglunni í Reykjavík voru send boð um að fara að veitingastaðnum Dubliners við Hafnarstræti að kvöldi mánudags 29. ágúst 2005, vegna manns sem dyraverðir væru með í tókum fyrir utan dyrnar. Er lögregla kom á staðinn hitti hún fyrir Örn Jónsson dyravörð. Var hann, ásamt öðrum dyraverði af Dubliners, með tak á ákærða og héldu þeir honum niðri. Örn kvaðst hafa verið beðinn um að fylgja ákærða út af staðnum, þar sem hann hafi áreitt konu þar inni. Ákærði hafi brugðist illa við og þegar þeir hafi komið að útidyrhurðinni hafi ákærði náð í björglas og brotið það á höfðinu á Erni. Bar Örn að það hafi blætt mikið úr höfðinu á sér. Var Örn með skurð á höfði, hægra megin rétt fyrir ofan hægra eyra. Lögregla hafði tal af Elísabetu Hauksdóttur. Kvað hún ákærða hafa verið beðinn um að fara út af staðnum. Hún hafi reynt að tala við hann og gera honum grein fyrir ástæðunni fyrir því að honum var gert að yfirgefa staðinn. Hafi ákærði brugðist illa við og ýtt við dyraverði. Ákærði hafi náð í glas og lamið því í hausinn á dyraverðinum.

Miðvikudaginn 31. ágúst 2005 mætti Örn Jónsson á lögreglustöðina við Hverfisgötu og lagði fram kærú á hendur ákærða fyrir líkamsárás. Hlynur Þorsteinsson læknir á Landspítala háskólasjúkrahúsi hefur 16. september 2005 ritað læknisvottorð vegna komu Arnar Jónssonar á slysadeild 29. ágúst 2005. Fram kemur að Örn hafi verið með sár á höfði og heilahristing. Hann hafi verið með svólítinn skurð á hnakka örlítið yfir til vinstri. Blætt hafi talsvert mikið úr honum. Hann hafi verið örlítið vankaður í fyrstu en alveg skýr og lýst skilmerkilega atvikum og verið vel áttaður. Sárið hafi verið saumað með sjö sporum.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefnið hjá lögreglu í framhaldi af vist í fangageymslum. Kvaðst hann hafa verið á barnum á veitingastaðnum Dubliners að drekka bjór. Þrjár stúlkur hafi setið við borðið hjá honum. Ein stúlka hafi staðið við borðið og hann boðið henni að setjast hjá þeim. Hann hafi boðið henni bjór en hún ekki viljað hann. Hún hafi þó sest hjá þeim og þau hafi farið að tala saman og hlæja. Hann hafi síðan farið á barinn að kaupa sigarettur og bjór. Þá hafi dyravörður komið til hans og vísað honum út. Hann hafi spurt af hverju og dyravörðurinn svarað að hann þyrfti að fara út, hann mætti ekki vera þar. Ákærði hafi spurt hvort hann mætti klára bjórinn en dyravörðurinn neitað því og sagt hann þurfa að fara út strax og ekki gefið honum tækifæri til að klára bjórinn. Ákærði hafi ekki skilið af hverju hann hafi þurft að fara út, hann hafi ekki verið of drukkinn til að vera þar inni. Hann hafi verið búinn að drekka þrjá bjóra áður en hann kom á Dubliners og síðan drukkið tvo bjóra þar inni. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa áreitt konu á staðnum, hann hafi einungis verið að tala við konuna, þau hafi verið að kynnast, tala saman og hlæja. Hann kvaðst hafa slegið dyravörðinn með bjórglasi þar sem dyravörðurinn hafi dregið ákærða út. Ákærði hafi ekki viljað að dyravörðurinn drægi sig út fyrir framan fólk sem hafi gert lítið úr honum. Hann hafi ekki ætlað sér að meiða dyravörðinn.

Framburður ákærða við aðalmeðferð málsins fyrir dómi var á sama veg og hjá lögreglu. Hann kvaðst hafa komið á barinn og keypt sér bjór og sigarettur. Stúlka hafi sest hjá honum og um leið hafi dyravörðurinn komið til hans og beðið ákærða um að ganga út. Ákærði hafi viljað klára bjórinn en dyravörðurinn ekki leyft það heldur leitt ákærða út. Hann hafi farið út en viljað fara inn aftur til að sækja sigarettur sínar en dyravörðurinn ekki leyft honum það heldur ýtt honum í burtu. Dyravörðurinn hafi sagt að hann hafi verið að ráðast á stúlku inni á staðnum. Til ryskinga hafi komið og hann slegið dyravörðinn með bjórglasi. Um hafi verið að ræða stórt glas án handfangs. Ástæðuna fyrir þessu kvað hann vera að hann hafi talið dyravörðinn vera að ráðast á sig. Aðfarir dyravörðarins hafi verið óþarfar þar sem hann hafi ekki verið það drukkinn og ekki verið að angra stúlkuna. Málið hafi mátt leysa friðsamlega.

Örn Jónsson kvaðst hafa verið að sinna starfi sínu sem dyravörður á veitingastaðnum Dubliners þegar hann hafi fengið ábendingu um að ákærði hafi káfað á brjóstum erlendra konu inni á staðnum. Kona þessi hafi verið í fylgd með þremur til fjórum öðrum sem hafi verið í fylgdarliði tónlistarmanns sem halda hafi átt tónleika hér á landi. Kvaðst Örn hafa farið til konunnar og spurt hana um atvikið. Hún hafi bent á ákærða þar sem hann hafi setið til borðs og verið að drekka bjór. Maður sem hafi fylgt henni hafi staðfest frásögn hennar og einnig bent á ákærða. Örn hafi þá farið að borði ákærða og reynt að biðja hann á íslensku um að fylgja sér til dyra. Ákærði hafi látið sem hann skildi hann ekki. Kvaðst Örn þá hafa

reynt að tala ensku en ekkert gengið. Stúlka að nafni Elísabet hafi þá komið að og beðið ákærða á íslensku um að koma með sér. Hann hafi virst skilja hana og búist til að fara. Örn hafi fylgt ákærða til dyra og leyft honum að hafa björglas með sér. Ákærði hafi farið til dyra með góðu og ekki virst vera til vandræða. Þegar út kom hafi Örn reynt að útskýra fyrir ákærða hvers vegna honum hafi verið vísað á dyr. Hann hafi sagt ákærða að hann ætlaði að vera „góður” við hann og leyfa honum að fara með björglasið. Þegar hann hafi verið að útskýra af hverju ákærða hafi verið vísað út hafi ákærði að tilefnislausu tekið glasið og brotið það á höfðinu á Erni. Örn hafi verið alls óviðbúinn og staðið með hendur fyrir aftan bak. Hann hafi fallið í götuna en náð að grípa utan um ákærða og halda honum niðri. Hann hafi fengið aðstoð dyravarðar á frívakt við að halda ákærða þar til lögreglan hafi komið og handtekið ákærða. Hann kvaðst hafa verið meðvitundarlítill og verið sóttur í sjúkrabíl og fluttur á slysideild.

Elísabet Hauksdóttir kvaðst hafa verið á veitingastaðnum Dubliners umrætt kvöld. Hún kvaðst þekkja til beggja aðila, hún hafi áður verið í sambandi við Örn og þekkt ákærða í gegnum vinkonu sína. Hún hafi séð þegar verið var að vísa ákærða út og farið að athuga hvað væri um að vera, þar sem hún hafi vitað að ákærði talaði ekki góða íslensku. Henni hafi ekki verið fullkomlega ljóst hvað málið snerist um, ákærði hafi átt að hafa þuklað á einhverri konu, en haldið að verið væri að saka sig um þjófnað. Ákærði hafi beðið um að lögregla yrði fengin á staðinn. Hún hafi snúið sér við og heyrð Örn og ákærða vera að deila um lögregluna. Hún hafi snúið sér við aftur og séð Örn standa í hurðinni. Stuttu síðar hafi hún séð glasið og svo hafi þeir velst um á jörðinni eftir það. Hún hafi farið inn og sótt annan dyravörð sem hafi verið í frii þetta kvöld.

Niðurstaða:

Ákærði hefur viðurkennt að hafa, að kvöldi mánudagsins 29. ágúst 2005, utandyra við anddyri veitingastaðarins Dubliners, Hafnarstræti 4, Reykjavík, slegið Örn Jónsson í höfuðið með björglasi. Það hafi hann gert af því hann hafi talið Örn vera að ráðast að sér að tilefnislausu. Örn kvaðst hafa verið alls óviðbúinn árás ákærða. Ákærði hafi virst rólegur fram að henni og hann því staðið með hendur fyrir aftan bak. Í starfi sínu sem dyravörður væri hann stundum viðbúinn því að verjast árásum en í þessu tilviki hafi ekkert bent til þess að við því væri að búast. Elísabet Hauksdóttir bar einnig að Örn hafi verið óviðbúinn árás og staðið með hendur niður með hliðum. Árás ákærða á Örn með glerglas í hendi var einkar háskaleg og verulegt líkamstjón gat hlotist af. Verður ákærði sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og er brot hans réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru undir 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði er frá Marokkó en hefur búið á Íslandi í sjö ár. Samkvæmt sakavottorði hans hefur honum frá árinu 2000 fjórum sinnum verið gert að greiða sekt vegna umferðarlagabrota. Að öðru leyti hefur hann ekki áður sætt refsingum svo kunnugt sé. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að atлага hans var hættuleg og hefði án nokkurs vafa getað haft í för með sér umtalsvert líkams- og heilsutjón. Árásin var fyrirvaralaus og án tilefnis. Litið verður til þess að ákærði hefur játað brot sitt greiðlega. Að þessu gættu, og með hliðsjón af 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, sem

með hliðsjón af dómafordæmum þykir heimilt að skilorðsbinda með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt yfirliti lögreglustjóra og málsvarnar laun skipaðs verjanda síns, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, svo sem í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigríður Elsa Kjartansdóttur saksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Miloud Hourri, sæti fangelsi í 6 mánuði, en frestað skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 110.848 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gizurar Bergsteinssonar héraðsdómslögmanns, 87.648 krónur.

Símon Sigvaldason.